
Útsvar og fasteignagjöld 2020

1. Útsvar :

Útsvar fyrir árið 2020 verði 14,52 %

2. Fasteignagjöld :

Fasteignagjöld fyrir árið 2020 verði lögð á sem hér segir :

a. Fasteignaskattur

- i. A - flokkur Fasteignaskattur íbúðarhúsnæðis eins og þær eru skilgreindar í 3.gr. í lögum nr. 4/1995 verður 0,2544% af heildar fasteignamati.
- ii. B – flokkur Fasteignaskattur af opinberum byggingum eins og þær eru skilgreindar í 3.gr. í lögum nr. 4/1995 verður 1,32% af heildar fasteignamati.
- iii. C – flokkur Fasteignaskattur atvinnuhúsnæðis og öðrum eignum eins og þær eru skilgreindar í 3.gr. í lögum nr. 4/1995 verður 1,60% af heildar fasteignamati.

Sérstakur afsláttur er veittur af fasteignaskatti samkvæmt reglum um afslátt til elli- og örorkulífeyrisþega, sjá lið 5 hér að neðan.

b. Lóðarleiga

- i. Almenn lóðarleiga verði 1,0% af fasteignamati lóðar.
- ii. Lóðarleiga ræktunarlands verði 3,0% af fasteignamati lóðar.

c. Vatnsgjald

- i. Vatnsgjald á íbúðarhúsnæði verði 0,1721% af heildar fasteignamati eignar.
- ii. Aukavatnsskattur verði lagður á atvinnuhúsnæði samkvæmt mæli og leggst á m³ notkun. Grunnur gjaldsins er 17,8 kr. á m³ miðað við grunnvísitölu september mánaðar 2007. Gjaldið uppreiknast á hverjum gjalddaga.

d. Fráveitugjald

Fjármálasvið

- i. Fráveitugjald er 0, 2512% af heildarfasteignamati eignar.
- ii. Gjald fyrir hreinsun rotþróa verður skv. gildandi gjaldskrá.

e. Sorðhirðugjald

i. Íbúðarhúsnæði

Á grundvelli laga nr. 7/1998 er sorphirðugjald lagt á hverja íbúð.

Sorphirðugjald fyrir íbúðir skal vera sem hér greinir :

	120 lítra tunna	240 lítra tunna
Gjaldtegund :		
Sorphreinsunargjald (kr/ár)	28.570 kr.	28.500 kr.
Sorpeyðingargjald (kr/ár)	23.430 kr.	36.500 kr.
Samtals (kr/ár)	52.000 kr.	65.000 kr.

ii. Sumarhús

Heimild er að veita 50% afslátt frá sorphirðugjaldi íbúðarhúsnæðis.

Gjalddagar fasteignagjalda verði 10 talsins, þeir eru: 1.febrúar, 1.mars, 1.apríl, 1.maí, 1.júní, 1.júlí, 1.ágúst, 1.september, 1.október og 1.nóvember. Eindagi er 30 dögum síðar.

3. Afslættir

- a. Sérstakur afsláttur fyrir elli- og örorkulífeyrisþega verður veittur við álagningu fasteignaskatts og fráveitugjalds á íbúðarhúsnæði skv. reglum þar um.
- b. Veittir verði afslættir til félaga sem starfa að menningar-, íþróttar-, æskulýðs- og tómstundarstarfsemi eða vinna að mannúðarstörfum og reka eigið húsnæði eða leigja til lengri tíma en eins árs fyrir starfsemina skv. reglum þar um.